

Miðvikudaginn 18. júní 1975.

Nr. 23/1974. **Ásgeir Hannes Eiríksson**

(Hafsteinn Hafsteinsson hdl.)

gegn

Borgarstjóranum í Reykjavík

f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur

(Helgi V. Jónsson hdl.)

Heilbrigðismálaráðherra

f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og

Dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Stjórnsýsla. Bann við hundahaldi í Reykjavík staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. janúar 1974. Krefst hann þess, að viðurkennt verði með dómi, að ólögmæt sé synjun borgarstjórans í Reykjavík með bréfi 9. apríl 1973 um leyfi fyrir afrýjanda til að halda hund af íslensku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík. Þá krefst afrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi allra stefndu.

Stefndu krefjast allir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með 1. gr. laga nr. 8/1924 var bæjarstjórnnum og hreppsnefndum heimilað að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með reglugerð, sem staðfest væri af stjórnarráðinu. Með reglugerð nr. 61/1924, sem sett var samkvæmt framangreindri lagaheimild, var kveðið svo á í 1. gr., að á kaupstaðarlóð Reykjavíkur megi enginn hafa hund, en annars staðar í lögsagnarumdæminu geti borgarstjóri leyft þarfahunda. Bann við hundahaldi í Reykjavík var

áréttað með 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930. Var þar sérstaklega skírskotað til nefndra laga sem heimildar fyrir þessu ákvæði samþykktarinnar.

Lög nr. 8/1924 voru í gildi, uns lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki leystu þau af hólmi. Með hinum síðargreindu lögum var bæjarstjórnun og hreppsnefndun þó eftir sem áður veitt heimild til að banna hundahald í sveitarfélagi með samþykkt staðfestri af heilbrigðismálaráðuneyti. Hvorki 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924 né 1. mgr. 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur hafa verið afnumdar. Verður því hikaust að telja, að enn sé í fullu gildi bann það, sem lagt var við hundahaldi í Reykjavík með nefndum ákvæðum og saki þau nú fullnægjandi lagastoð í 1. gr. laga nr. 7/1953. Verður ekki talið, að það hafi raskað gildi þeirra, að nefnd 1. gr. laga nr. 7/1953 mælir svo fyrir, að samþykktir, er settar verði samkvæmt lögnum, skuli staðfestar af heilbrigðismálaráðuneyti. Eigi verður heldur fallist á þá röksemd áfrýjanda, að ákvæðin séu úr gildi fallin vegna þess, að ekki hafi verið framfylgt banni því, sem þau leggja við hundahaldi í Reykjavík. Loks verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að framangreindar réttarreglur brjóti gegn 66. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 eða að virða beri þær að vettugi, vegna þess að þær séu andstæðar 8. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 4. nóvember 1950 og fullgiltur af Íslands hendi 29. júní 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954. Hefur sáttmálinn ekki öðlast lagagildi á Íslandi, en auk þess fer bannið við hundahaldi í Reykjavík ekki í bága við nefnt ákvæði hans.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, var stefnda borgarstjóranum í Reykjavík hvorki skylt né heimilt að veita áfrýjanda undanþágu til að mega halda hund á heimili sínu samkvæmt umsókn hans 31. janúar 1972, sem ítrekuð var 6. apríl 1973, enda er ekki fullnægt undantekningarákvæði 1. gr. reglugerðar nr. 61/1924. Ber því að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefnda borgarstjórans í Reykjavík af kröfum áfrýjanda.

Áfrýjandi gerir sömu kröfur á hendur stefndu heilbrigðismálaráðherra og dómsmálaráðherra og á hendur stefnda borgarstjóranum í Reykjavík. Enginn lagagrundvöllur er fyrir þeirri kröfugerð. Ber því einnig að sýkna þá af kröfum áfrýjanda í málinu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæsarétti, sem ákveðst 90.000 krónur til stefnda borgarstjórans í Reykjavík f. h. borgarstjórnar og 40.000 krónur til stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytis.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Hannes Eiríksson, greiði stefnda borgarstjóranum í Reykjavík f. h. borgarstjórnar 90.000 krónur og stefndu dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytis og heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytis 40.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1973.

1.0.

1.1. Mál þetta var höfðað með stefnu, þingfestri 19. febrúar 1973. Með dómi bæjarþings Reykjavíkur 7. maí sl. var máli þessu vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar 22. júní sl. var frávísunardómurinn felldur úr gildi og málinu vísað heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Í framhaldi af því var mál þetta flutt munnlega og dómtekið þann 17. október sl.

Stefnandi máls þessa heitir Ásgeir Hannes Eiríksson, til heimilis að Flókagötu 39, Reykjavík. Er hann varaformaður Hunda-
vinafélagsins.

Stefndu eru borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar

Reykjavíkur, heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins.

Í stefnu segir, að málið sé höfðað „til þess að fá skorið úr um gildi þeirra ákvæða í eftirtöldum reglugerðum, sem kveða á um bann við hundahaldi í Reykjavík:

1. Reglugerð nr. 61 frá 12. sept. 1924.
2. Reglugerð nr. 11 frá 20. jan. 1950, 161. gr.
3. 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt áorðnum breytingum“.

Fyrir dóminum kveðst stefnandi gera þessar dómkröfur: „Að viðurkennt verði með dómi, að synjun borgarstjórans í Reykjavík með bréfi, dags. 9. apríl 1973, um leyfi til handa stefnanda að mega halda hund af íslensku fjárhundakyni á heimili sínu, Flókagötu 39, Reykjavík, sé ólögmat“.

Jafnframt gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi allra stefndu in solidum að mati dómsins.

Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur gerir enn kröfu um sýknu sér til handa og málskostnað úr hendi stefnanda.

Heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins.

Sátt hefur verið reynd í máli þessu, en viðleitni í þá átt hefur engan árangur borið.

2.0.

2.1. Atvik máls þessa koma einkum fram í greinargerð stefnanda. Segir þar, að þann 22. júlí 1969 hafi verið stofnaður í Reykjavík félagsskapur, sem hafi hlotið nafnið Hundavinafélagið. Skyldi markmið félagsins m. a. vera að stuðla að því, að hundahald yrði leyft í þéttbýli og að settar yrðu reglur um hundahald af hálfu hins opinbera. Í samræmi við þennan tilgang félagsins hafi það leitað eftir því með bréfi til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 21. október 1970, að borgarstjórn Reykjavíkur heimilaði hundahald í borginni á grundvelli reglna um hundahald, sem félagið hafi látið gera. Borgarráð hafi vísað erindi félagsins til umsagnar heilbrigðisráðs Reykjavíkur, lögreglustjórans í Reykjavík og Dýraverndunarfélags Reykjavíkur. Í greinargerðinni segir, að þegar umsagnir ofantalinna aðilja hafi borist borgarráði um erindi Hundavinafélagsins, hafi borgarráð samþykkt eftirfarandi

ályktun: „Að fengnum umsögnum heilbrigðismálaráðs, lögreglustjóra og Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, sbr. einnig bréf landlæknis, dags. 3. þessa mánaðar (þ. e. des. 1970) og bréf yfir-dýralæknis, dags. 5. fyrra mánaðar (þ. e. nóv. 1970), mælir borgarráð ekki með því að breytt verði gildandi reglum um bann við hundahaldi í Reykjavík, sbr. bréf Hundavinafélagsins, dags. 21. október s.l. Borgarráð beinir þeim tilmælum til lögreglustjóra, að um framkvæmd bannsins verði höfð hliðsjón af því, að nokkurt hundahald hefur viðgengist í borginni að undanfögnu, og telur borgarráð eðlilegt, að eigendum þeirra hunda, sem nú eru í borginni, verði veittur frestur til 1. september næstkomandi til að hætta hundahaldi, þó þannig, að hundar verði ekki leyfðir á almannafæri á þeim tíma og að réttmætum kvörtunum vegna ónæðis af hundahaldi verði sinnt“.

Þann 18. desember var framangreind ályktun borgarráðs afgreidd á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur og samþykkt þar með 14 atkvæðum gegn 1. Þá segir í greinargerðinni, að er líða hafi tekið að þeim tíma, sem tilgreindur hafi verið í ályktun borgarstjórnar frá 17. desember 1970, hafi Hundavinafélagið ritað bréf til borgarráðs, dags. 14. ágúst 1971, þar sem þess var farið á leit, að borgarstjórn endurskoðaði afstöðu sína í ljósi upplýsinga, sem félagið hafði aflað hjá heimskunnum erlendum sérfræðingum á þeim staðhæfingum, sem fram kæmu í skýrslu heilbrigðisráðs Reykjavíkur og áður er getið og borgarstjórn grundvallað samþykkt sína á.

Bréfi þessu hafi borgarstjórinn í Reykjavík svarað með bréfi, dags. 1. september 1971, og þar hafi verið tilkynnt, að borgarráð mælti ekki með því, að gerð yrði breyting á samþykkt borgarstjórnar frá 17. desember 1970.

Í greinargerðinni segir, að stefnandi hafi ekki viljað una því, að honum væri meinað að halda hund á heimili sínu. Hann hafi því sent umsókn til borgarstjóra í Reykjavík, dags. 31. janúar 1972. Umsóknin hljóðar svo: „Ég leyfi mér hér með að sækja um leyfi til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni, á heimili mínu, samkv. rgj., 61/1924, sbr., L. 8/1924 (nú L. 7/1953). Ég skuldbind mig til þess að hlíta öllum reglum er varða skráningu og hreinlæti í meðferð hunda“.

Borgarstjóri svaraði þessu erindi með bréfi, dags. 3. febrúar 1972, en þar segir: „Eigi er unnt að verða við tilmælum yðar í bréfi, dags. 31. f. m., um leyfi til að halda hund að heimili yðar, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hunda-

hald í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 25. janúar 1950“.

Stefnandi ítrekaði umsókn sína með bréfi 6. apríl 1973 á þeim grundvelli, að borgarstjóraskipti hafi orðið. Segir svo í bréfinu: „Með bréfi, dags. 31. janúar 1972, sótti ég undirritaður um leyfi til fyrrverandi borgarstjóra, Geirs Hallgrímssonar, til að halda hund af íslenzku fjárhundakyni á heimili mínu Flókagötu 39 hér í borg, en var synjað með bréfi hans, dags. 3. febrúar 1972.

Með tilliti til þess að borgarstjóraskipti urðu þann 1. desember s.l. leyfi ég mér hér með að ítreka umsókn mína um leyfið.

Með því að fyrirhugaður er munnlegur málflutningur miðvikudaginn 11. þ. m., bæjarþingsmáls þess, er ég hefi höfðað af tilefni synjunar frá 3/2 1972, leyfi ég mér að vænta svars við umsókn þessari fyrir þann tíma“.

Svarbréf borgarstjóra er dagsett 9. apríl 1973. Er það efnislega á sömu leið og tilgreint bréf borgarstjóra frá 3. febrúar 1972.

Í málinu hefur verið lagt fram óstaðfest vottorð, undirritað af Sigríði Pétursdóttur, Ólafsvöllum, Skeiðahreppi, Árnessýslu, hinn 15. mars 1973. Í því segir svo: „Af gefnu tilefni vottast hér með, að Ásgeir Hannes Eiríksson, Flókagötu 39, Reykjavík, formaður Sambands dýraverndunarfélaga á Íslandi, hefur síðastliðin tvö ár haft í geymslu hjá mér hund af íslenzku fjárhundakyni“.

Ekki þykir ástæða að rekja gögn málsins frekar en nú hefur verið gert.

3.0.

3.1. Sóknarástæður stefnanda eru einkum á því reistar, að ákvæði reglugerðar nr. 61 frá 12. september 1924 um hundahald í Reykjavík, sbr. einnig ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík frá 20. janúar 1950 svo og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930 ásamt síðari breytingum, séu ógild, að því er varðar hundahald í Reykjavík. Stefnandi heldur því fram, að framangreindar réttarheimildir brjóti í bága við 66. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. í Evrópuráðssamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem kveði á um friðhelgi einkalífs manna, heimilis þeirra og fjölskyldu. Verði ekki á móti mælt, að í þessum rétti sé fólgin tvímælalaus réttur til þess að halda hund eða annað húsdýr á heimili. Einasta undantekningin, sem geti komið til, sé sú, að bann við hundahaldi sé nauðsynlegt, t. d. af heilbrigðisástæðum, og styðjist við lög. Stefnandi vefengir, að framangreindar reglugerðir hafi nægjanlega stoð í lögum, þar sem samkvæmt lögum nr. 7/1953

sé ekki heimilt að banna hundahald í Reykjavík nema í heilbrigðissskyni og að nauðsynlegt sé til varnar útbreiðslu á sullaveiki eða í það rýmsta til verndar heilbrigði. Heldur stefnandi því fram, að félagslegar ástæður hafi ráðið við setningu reglugerðanna um bann við hundahaldi, en slíkt sé óheimilt.

Þá hefur stefnandi hreyft því, að reglugerð nr. 61 frá 12. september 1924 hafi fallið úr gildi, um leið og lög nr. 8/1924 hafi verið felld úr gildi, og hann vefengir sérstaklega, að 8. kafli lögreglusamþykktar nr. 2 frá 1930 eigi nægjanlega lagastoð. Þá er því haldið fram, að téð reglugerðarákvæði séu niður fallin sakir notkunarleysis. Er á það bent, að reglum þessum hafi aldrei verið beitt. Loks er því hreyft, að stefnandi gjaldi þess að búa í þéttbýli á þann hátt að fá ekki að hafa hund, en slík mismunun brjóti í bága við jafnréttisákvæði 14. gr. mannréttindasáttmálans.

3.2. Stefndi borgarstjórinn í Reykjavík hefur haldið því fram, að téð reglugerðarákvæði hafi nægjanlega lagastoð svo og 65. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Bent er á, að synjun borgarráðs á umsókn stefnanda um að halda hund á heimili sínu styðjist við landslög. Því er mótmælt, að með því hafi á nokkurn hátt verið brotið í bág við 66. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr. Evrópuráðssamningsins. Ekki verði heldur fundin nein rök fyrir því, að skert hafi verið friðhelgi heimilis stefnanda með umræddri synjun, bæði af því, að réttur til hundahalds geti ekki talist til þeirra réttinda, sem vernduð séu með 8. gr. Evrópuráðssamningsins, svo og vegna þess, að stefnandi eigi engan hund.

3.3. Stefndu dómismálaráðherra og heilbrigðismálaráðherra hafa í fyrsta lagi vefengt, að stefnandi geti fengið úrlausn dómstóla um gildi og/eða lögmæti þeirra atriða almennt, sem mál þetta fjalli um. Stefnandi eigi engan hund og hafi því ekki orðið fyrir neinni skerðingu á friðhelgi einkalífs eða mannréttinda og dómkrafa stefnanda sé takmörkuð við húsnæði það, sem hann nú hafi á Flókagötu 39. Stefnandi sé ekki skráður eigandi að því húsi. Ekki sé upplýst, hve margar fjölskyldur eða heimili séu í húsinu og ekki sé ljóst, hvort stefnandi takmarki kröfu sína við einn hund eða fleiri.

Varnarástæður stefndu heilbrigðisráðuneytisins og dómismálaráðuneytisins eru svipaðar og raktar voru í 3.2. Ekki er talinn vafi á því, að umrædd reglugerðarákvæði og áminnst ákvæði lögreglusamþykktar Reykjavíkur séu í samræmi við lagaákvæði og stjórnskipulega gild. Því er mótmælt, að með þessum heimildum hafi 66. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Evrópuráðssamn-

ingsins verið brotnar eða 14. gr. mannréttindasáttmálans. Loks er því mótmælt sem röngu, að umrædd ákvæði í hinum tilvitnuðu reglugerðum séu niður fallin sakir notkunarleysis.

4.0.

4.1. 65. gr.—67. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33 frá 17. júní 1944 setja handhöfum ríkisvaldsins tilteknar skorður við skerðingu eignarréttar, persónufrelsis og friðhelgis heimilis. Ekki verður talið, að þær sérstöku skorður, sem þarna eru settar, taki til þess réttar, sem stefnandi telur hafa verið á sér brotinn með áðurnefndu bréfi borgarstjórans 9. apríl 1973 (sbr. bréf borgarstjóra sama efnis 3. febr. 1973) og stefnt er um í máli þessu.

Að því verður nánar vikið í 4.2., að ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 hafi næga lagastoð og séu að öðru leyti stjórnskipulega gild.

Hvorki einstakar greinar stjórnarskrárinnar né þær grundvallarreglur, sem stjórnskipunin byggir á, eru því gildi 161. gr. umræddrar heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík til fyrirstöðu.

4.2. Í 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 segir: „Hundahalt er óheimilt, að undanteknum þarfahundum í sambandi við búskap á lögbýli, enda sé það háð eftirliti heilbrigðisnefndar“.

Þessi heilbrigðissamþykkt hafði upphaflega lagastoð í 3. gr. laga nr. 35 frá 12. febrúar 1940 um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir. Þessi lög voru leyst af hólmi með lögum nr. 12 frá 17. mars 1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Umrætt ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 hafði næga lagastoð í lokamálsgrein 19. gr. nýnefndra laga nr. 12 frá 17. mars 1969, svohljóðandi: „Þar til sett verður heilbrigðisreglugerð samkvæmt ákvæðum laga þessara, skulu staðfestar heilbrigðissamþykktir einstakra sveitarfélaga halda gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falla þær úr gildi“.

Í 10.—11. gr. síðastnefndra laga er auk þess að finna almenna heimild til þess að skipa með heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykktum m. a. slíkum efnum og hér um ræðir.

Loks var sett heilbrigðisreglugerð fyrir landið allt nr. 45 frá 8. febrúar 1972. Í VI. kafla þeirrar reglugerðar, en kafla þessi fjallar um meindýr og ónyttjádýr, segir svo í 2. mgr. 83. gr.: „Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðis-

málaráðuneytið staðfestir, að takmarka eða banna hundahald í umdæminu“.

Nefnd heilbrigðisreglugerð tekur ekki af skarið um heimild til hundahalds, og nýjar samþykktir um það efni, sem hér skipta máli, hafa ekki verið settar.

Með 213. gr. umræddrar reglugerðar var m. a. numin úr gildi áminnst reilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 (ásamt breytingum, sem ekki skipta hér máli). Á þessu voru þó tveir fyrirvarar, sem þýðingu hafa í þessu sambandi. Annan er að finna í 2. mgr. 213. gr. umræddrar reglugerðar nr. 45 frá 8. febrúar 1972, svohljóðandi: „Jafnframt eru úr gildi numdar eftirfarandi heilbrigðissamþykktir, að undanteknum þeim ákvæðum einstakra samþykktar, sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði þessarar heilbrigðisreglugerðar“.

Hinn er að finna í 84. gr. sömu reglugerðar, en þar segir svo: „Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, ákvæða laga um eyðingu á minkum og refum, svo og annarra laga, reglugerða og samþykktar um meindýr og ónytjadýr, sem í gildi eru í umdæminu“.

Þessar síðastnefndu greinar ber að skilja þannig, að ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík nr. 11 frá 20. janúar 1950 sé enn gild lagaheimild.

Lokamálsgrein 19. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969 segir að vísu, að staðfestar heilbrigðisreglur einstakra sveitarfélaga haldi gildi sínu, en við gildistöku heilbrigðisreglugerðar falli þær úr gildi.

2. mgr. 9. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969, sbr. 10. og 11. gr. laganna, svo og 2. mgr. 83. gr. reglugerðar nr. 45/1972 heimila hins vegar einstökum sveitarfélögum að setja ákvæði í samþykktir um það efni, sem hér um ræðir.

Nefnd lokamálsgrein 19. gr. laga nr. 12 frá 17. mars 1969 þykir ekki eiga við um þau ákvæði einstakra heilbrigðissamþykktar, sem héldu gildi sínu samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisreglugerðar fyrir landið allt, nr. 45 frá 8. febrúar 1972, svo sem raunin varð á með 161. gr. heilbrigðissamþykktar fyrir Reykjavík samkvæmt ofangreindu.

Ekki verður heldur talið, að umrætt ákvæði 161. gr. heilbrigðissamþykktarinnar sé víðtækara en lög stóðu til. Þvert á móti er í 7. tl. 3. gr. laga nr. 35 frá 12. febrúar 1940 beinlínis vitnað í lög nr. 8 frá 4. júlí 1924, sem heimiluðu bæjarstjórnnum og hrepps-

nefndum að takmarka eða banna hundahald í kaupstöðum og kauptúnum með reglugerð, sem stjórnarráðið staðfesti.

161. gr. umræddrar reglugerðar hefur því næga lagastoð, og ekki hefur verið sýnt fram á, að henni eða þeim heimildum, sem hún byggir á, sé í einhverju stjórnskipulega áfátt.

4.3. Evrópuráðssamningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis nr. 11 frá 9. febrúar 1954 ásamt síðari viðbótum hefur ekki verið lögtekinn hér á landi. Ákvæði hans hafa því ekki lagagildi. Af því leiðir, að 8. gr. og 18. gr. samningsins, en í þær greinar hefur stefnandi vitnað sérstaklega, eru gildi 161. gr. umræddrar heilbrigðissamþykktar nr. 11 frá 20. janúar 1950 ekki til fyrirstöðu. Í 4.1. er tekin afstaða til þessa álitamáls, að því er íslensk lög varðar.

Ekki hafa verið færð haldbær rök fyrir því, að umrætt reglugerðarákvæði hafi fallið úr gildi fyrir notkunarleysi, og ekki verður séð, að aðrar réttarheimildir hafi vikið henni til hliðar.

4.4. Eins og fyrr greinir, er 161. gr. heilbrigðissamþykktarinnar fyrir Reykjavík gild lagaheimild. Synjun borgarstjóra í Reykjavík studdist m. a. við þessa lagaheimild og var því á fullum rökum reist. Að svo vöxnu máli er ekki næg ástæða til að prófa gildi annarra ákvæða, sem kunna að setja skorður við hundahaldi í Reykjavík, enda hefur slík prófun ekki þýðingu í sambandi við úrslit þessa máls.

Af framangreindum sökum ber að sýkna stefndu af stefnukröfum máls þessa.

Málskostnaður milli aðilja á að falla niður.

Stefán M. Stefánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarstjórnar Reykjavíkur, heilbrigðismálaráðherra f. h. heilbrigðismálaráðuneytisins og dómsmálaráðherra f. h. dómsmálaráðuneytisins, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Ásgeirs Hannesar Eiríkssonar, í máli þessu.

Málskostnaður á að falla niður.